

Svar

fjármálaráðherra við fyrirspurn Jóhönnu Sigurðardóttur um tekjutap sveitarfélaga.

1. *Er ráðherra sammála því mati Sambands íslenskra sveitarfélaga að sveitarfélögin verði af 1½ milljarði kr. í útsvar á þessu ári vegna fjölgunar einkahlutafélaga á síðasta ári? Ef svo er ekki, hvað áætlað fjárlagaskrifstofa tekjutap sveitarfélaganna mikið á þessu ári?*

Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga er áætlað að tekjutap sveitarfélaga vegna tilfærslu frá einkarekstri yfir í rekstur einkahlutafélaga hafi numið 1,1 milljarði kr. í fyrra. Við þessa áætlun eru þó gerðir ýmsir fyrirvarar og bent á að erfitt sé „... að draga fram óumdeil-anleg áhrif á sveitarfélögin nema með mjög ítarlegum og tímafrekum rannsóknum“.

Sem dæmi má nefna að ekki liggja fyrir tölulegar upplýsingar um fjölda þeirra rekstrar-aðila sem hafa breytt rekstrarformi úr einstaklingsrekstri í einkahlutafélög heldur einungis um breytingar í hvorum þessara flokka fyrir sig.

Auk þess er rétt að benda á að í lok ársins 2001 voru gildandi reglur um reiknað endur-gjald hertar þannig að nú ber öllum sem starfa við eigin atvinnurekstur, hvort heldur er um að ræða einstaklingsrekstur, einkahlutafélög eða hlutafélög, að reikna sér tiltekin lágmarks-laun. Jafnframt var viðmiðunarflokkum reiknaðs endurgjalds fjölgað og viðmiðunarfjárhæðir hækkaðar verulega.

Þessi aðgerð ætti að óbreyttu að leiða til umtalsverðrar hækkunar á útsvarsstofni sveitarfélaga og þar með vega á móti hugsanlegu tekjutapi vegna tilfærslu úr einstaklingsrekstri í einkahlutafélög.

Að öllu samanlögðu er fjármálaráðuneytið sammála því mati Sambands íslenskra sveitarfélaga um að afar erfitt sé að meta áhrif þeirra breytinga sem hér um ræðir nema að undan-gengnum ítarlegum rannsóknum. Ekki er heldur unnt að fullyrða nokkuð um niðurstöðu slíkra athugana hvað afkomu sveitarfélaga varðar.

2. *Hvað má áætla að tekjutap ríkissjóðs verði (miðað við fjölgun einkahlutafélaga á síð-asta ári) vegna þeirrar yfirfærslu sem varð á síðasta ári á einkarekstri yfir í einkahluta-félög og hver var áætlun fjárlagaskrifstofu í því efni þegar skattalagabreytingarnar voru lagðar fram á haustþingi 2001?*

Á haustþingi 2001 voru samþykkt lög sem meðal annars kváðu á um lækkun tekjuskatts lögaðila úr 30% í 18%. Að mati efnahagsskrifstofu fjármálaráðuneytisins var áætlað að hreint tekjutap ríkissjóðs af þeim breytingum gæti numið 2,7 milljörðum kr. Þessar áætlanir byggð-ust meðal annars á efnahagslegu mati á áhrifum þessara breytinga á almenn umsvif í þjóðar-búskapnum sem mundu skila sér í auknum skatttekjum. Ekkert mat var hins vegar lagt á áhrif hugsanlegrar tilfærslu milli rekstrarforma af sömu ástæðum og tilgreindar eru í svari við 1. lið fyrirspurnarinnar.

3. *Hvaða áhrif má ætla að yfirfærslan á síðasta ári á einkarekstri yfir í einkahlutafélög hafi á vaxta- og barnabætur þar sem einungis 50% arðstekna koma til útreiknings þeirra tekna sem skerða tekjutengdar bætur?*

Ekki er unnt að svara þessari spurningu af sömu ástæðum og tilgreindar eru í svari við 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar.

4. *Hvernig áformar ráðherra að bæta sveitarfélögum tekjutapið, sbr. 1. lið?*

Ekki liggur fyrir að um verði að ræða tekjutap sveitarfélaga, sbr. svör við 1. og 2. lið fyrirspurnarinnar.